




FJARÐABYGGÐ



FJARÐABYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA 2002



ÁVARP BÆJARSTJÓRA

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigð fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Í ársskýrslu Fjarðabyggðar er leitast við að gera grein fyrir rekstri bæjarfélagsins á árinu 2002. Þar er að finna almennt yfirlit yfir helstu málaflokka og þau undirfyrirtæki sem bæjarstjórn fjallar um. Auk þess sem yfirlit er gefið yfir ráðstöfun fjár til hina ýmsu málaflokka.

Sviðsstjórar sveitarfélagsins fjalla hver um sig um þá málaflokka sem falla undir þeirra verksvið og því ekki fjallað um þá í þessum inngangi.

Ársskýrsla Fjarðabyggðar er einungis birt á heimasíðu sveitarfélagsins en þeir sem þess óska geta fengið hana útprentaða á bæjarskrifstofunum. Eins og þeim er kunnugt sem heimsótt hafa heimasíðuna þá er á henni að finna miklar upplýsingar um sveitarfélagið og er forðast að endurtaka þær upplýsingar í ársskýrslunni.

Mikil árangur náðist í álviðræðum á árinu. Þegar ljóst var í mars að Reyðarál vildi seinka sínum byggingaráformum var farið í viðræður við bandaríska álfyrirtækið Alcoa og þær viðræður leiddu til jákvæðrar niðurstöðu og voru samningsdrög árituð í byrjun desember. Samningar voru svo undirritaðir á Reyðarfirði þann 15. mars 2003 eins og öllum er kunnugt. Samningar Alcoa um byggingu álvers á Reyðarfirði munu hafa gríðarlegar breytingar í sveitarfélaginu og við erum þegar farin að verða vör við þær. Miklar lóðaúthlutanir hafa átt sér stað, ný fyrirtæki eru að koma sér fyrir í sveitarfélaginu og almenn bjartsýni ríkir meðal íbúanna. Tímabili stöðnunar er lokið og í stað tekur við tímabil uppbyggingar og framfara.

Heitavatsleit bar árangur á árinu. Borinn Sleipnir boraði 1330 metra djúpa borholu á Eskifirði og úr henni fengust í sjálfrennsli 5-10 sekúntulítrar af 76 gráðu heitu vatni. Tilraunadælingar standa nú yfir og ljóst má telja að hitaveita verði að veruleika á Eskifirði.

Bæjarbúum fækkaði um 6 á árinu og er það mikið áhyggjuefni. Íbúar Fjarðabyggðar eru nú 3057. Þrátt fyrir að verulega hafi dregið úr fólksfækkuninni þá tókst ekki að stöðva hana á árinu. Ljóst er að þessi þróun mun snúast við á árinu 2003 og fólki komi til með að fjölga verulega í sveitarfélaginu á næstu árum.

Umhverfisráðherra vígði snjóflóðamannvirkin neðan Drangagils í september og frumathugun á vörnum neðan Tröllagilja var unnin á árinu sem og frumathugun vegna ofanflóða á Eskifirði. Á komandi árum verður varið miklum fjármunum til að ljúka byggingu varnavirkja en öll hús á rauðum svæðum skulu hafa verið varin eða keypt upp eigi síðar en árið 2010.

Á árinu voru tekin upp ný reikningsskil hjá sveitarfélögum. Tilgangur breyttra reikningsskila er að gera rekstur sveitarfélaga sýnilegri en hann hefur verið. Samanburður við fyrri ár er því ekki raunhæfur. Rekstur sveitarfélagsins var í samræmi við áætlanir og gekk þökkalega á árinu. Það er þó öllum ljóst að miðað við rekstrarumsvif sveitarfélaga þarf að efla tekjustofna þeirra þannig að þau geti með góðu móti sinnt þeim skyldum sem þeim eru falin.

Starfsmönnum sveitarfélagsins eru þökkuð vel unnin störf á árinu og íbúum Fjarðabyggðar gott samstarf og samvinna.

Guðmundur Bjarnason, bæjarstjóri.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Fjármál & stjórnsýsla

Fjármála- og stjórnsýslusvið sveitarfélagsins hefur umsjón með fjárreiðum og bókhaldi, annast gerð og framkvæmd fjárhagsáætlana, kjara- og starfsmannamála, fjarskipta- og tölvumála, tryggingarmála og manntala. Jafnframt innkaupastjórn og kostnaðareftirlit auk almennrar skrifstofustjórnunar. Skrifstofur eru í byggðakjörnum þremur og eru starfsmenn 10 í 9,3 stöðugildum. Starfsemi sviðsins er samþætt með miðlægu tölvu- og símkerfi auk skýrra verkefnaskilgreininga. Á skrifstofunum eru afgreiðslur opnar alla virka daga og er íbúum veitt greið leið að þjónustu í gegnum þær.

Starfsemi sviðsins á árinu

Á árinu var tekið í notkun skjalakerfi sem heldur utan um öll erindi sem stjórnsýsla sveitarfélagsins fjallar um og var samhlíða því unnin drög að reglum um skjalastjórnun Fjarðabyggðar í samvinnu við Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Með því móti eflist stjórnsýsla sveitarfélagsins og verður skilvirkari en reglur um meðferð skjala eru nauðsynlegar í opinberri stjórnsýslu. Róttækar breytingar voru gerðar á reikningsskilum sveitarfélaga og var það til þess gert að gera þau gegnsærri og nákvæmari. Eldri reikningsskil voru aðlöguð þeim nýju en fjárhagsáætlanirnar voru gerðar samkvæmt nýjum reikningsskilum. Á árinu var hafin vinna við gerð símenntunaráætlunar fyrir starfsmenn Fjarðabyggðar og lagður grunnur að skipulagi hennar.

Stjórnsýslan og nefndasvið

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar er skipuð níu fulltrúum, fjórum fulltrúum frá Fjarðalistanum, tveimur fulltrúum frá Framsóknarflokki, tveimur fulltrúum frá Sjálfstæðisflokki og einum frá Biðlista. Með breytingum á samþykktum sveitarfélagsins var bæjarfulltrúum fækkað úr ellefu í níu og tók sú breyting gildi við bæjarstjórnarkosningar. Forsetar bæjarstjórnar voru tveir, fyrrihluta ársins Smári Geirsson og síðari hluta ársins Þorbergur Hauksson. Bæjarstjórn hélt 21 fund á árinu. Fjárhagsáætlun ársins 2003 var afgreidd þann 30. desember, ársreikningur 2001 þann 18. apríl og þriggja ára áætlun Fjarðabyggðar og stofnana 2003 til 2006, þann 23. maí. Auk þess staðfesti bæjarstjórn meðal annars breytingu á hafnarreglugerð Hafnarsjóðs Fjarðabyggðar þar sem Mjóafjarðarhöfn er orðin hluti af Hafnarsjóði Fjarðabyggðar.

Bæjarráð er skipað þrem fulltrúum og eru þeir kosnir árlega úr hópi bæjarfulltrúa. Að auki situr í bæjarráði fulltrúi Biðlista sem áheyrnarfulltrúi.

Formaður bæjarráðs fyrri hlut ársins var Ásbjörn Guðjónsson en Smári Geirsson síðari hluta þess og auk hans sitja í ráðinu Þorbergur Hauksson, Magni Kristjánsson og Helgi Seljan. Bæjarráð hélt 34 fundi á árinu og tók fyrir á fundum sínum alls 420 mál sem bókuð eru sem dagskrárliðir í fundargerðum ráðsins. Af einstökum málum voru lóðarúthlutanir fyrirferðamiklar en alls úthlutaði bæjarráð 75 lóðum og tveimur deiliskipulagssvæðum til byggingarverktaka. Aðrar nefndir héldu alls 157 fundi.

Starfsmannahald

Á launaskrá Fjarðabyggðar árið 2002 komu alls 734 en fastráðnir starfsmenn í meira en 10% starfi voru 254. Launagreiðslur ásamt launatengdum gjöldum námu alls 701 milljón króna en launatengd gjöld voru þar af tæplega 94 milljónir króna. Nefndar- og stjórnarlaun voru 11,6 milljónir króna. Launagreiðslur voru mestar í fræðslumálum eða 287 milljónir króna. Þar á eftir kom þjónustumiðstöð með 69 milljónir króna. Flestir starfsmenn voru hins vegar í málaflokknum skrúðgarðar og útivist en þar eru útgjöld vegna vinnuskólans færð. Laun í vinnuskóla námu 11,8 milljónum króna.

Upplýsingamál

Heimasíða sveitarfélagsins var uppfærð reglulega og lögð áhersla á að hún nýttist íbúum og gestum sem best til að leita upplýsinga um Fjarðabyggð. Innihald síðunnar er efnismikið og þar er að finna haldgóðar upplýsingar um starfsemi sveitarfélagsins. Upplýsinga- og kynningarfulltrúi hefur daglega umsjón með heimasíðunni en ritstjórn markar áherslur og stefnu í framsetningu hennar. Fundir bæjarstjórnar voru teknir upp á myndband og eru þau aðgengileg á bókasöfnum Fjarðabyggðar. Útgáfa efnis um Fjarðabyggð var hefðbundin og komu út 3 fréttabréf og var endurútféð efni til ferðamanna í formi bæklinga.

Íbúapróun

Íbúum Fjarðabyggðar fækkaði á árinu og voru þeir 3.057 þann 1. desember 2002. Hafði þeim fækkað um 6 frá árinu áður eða um 0,002% sem er óveruleg fækkun. Íbúar skiptust eftir byggðakjörnum þannig: Í Neskaupstað 1.466, á Eskifirði 966 og á Reyðarfirði 625. Karlar voru 1.572 og konur 1.485. Íbúar skiptast þannig að í aldurshópnum 20 ára og yngri eru 990, 21 - 66 ára eru 1.747 og 67 ára og eldri 320.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Álagning skatta

Á árinu 2002 var álagningarhlutfall útsvar 13,3%.

Fasteignagjöldin skiptast í fasteignaskatt, lóðarleigu, holræsagjald, vatnsgjald og sorphirðugjald

Álagning fasteignagjalda 2002 var með eftirfarandi hætti:

Álagningin 2002 er með sama hætti árið áður nema hvað sorphreinsunargjald og sorpeyðingargjald er hækkað um kr. 1.000

1. **Fasteignaskattur A:** 0,38% af álagningarstofni íbúða og íbúðarhúsa ásamt lóðarréttindum, erfðafestulöndun og jarðeignum sem ekki eru nytjaðar til annars en landbúnaðar, útihúsum og mannvirkjum á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, og sumarbústöðum ásamt lóðaréttindum.

Fasteignaskattur B: 1,650% af álagningarstofni allra annarra fasteigna.

2. **Vatnsskattur:** 0,27% af álagningarstofni.


3. **Holræsagjald:** 0,15% af fasteignamati fasteigna.

4. **Sorphreinsunargjald:** kr. 6.000 og

sorpeyðingargjald: kr. 5.000

5. **Lóðarleiga:** 1,5% af lóðarmati.

Skipting skatttekna 2002





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál & stjórnsýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Meningarmál
Æskulyds- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
Samanburður á lykiltölum
Ársreikningur 2002
Rekstrarreikningur
Efnahagsreikningur Eignir
Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir
Yfirlit um sjóðstreymi
Skýringar

Ársreikningur 2002

Helsta breyting í ársreikningnum frá því sem var á fyrra ári snýr að nýrri skipan rekstrareininga sveitarfélagsins, en starfseminni er nú skipt í A-hluta annarsvegar og B-hluta hinsvegar.

Með þeim breytingum sem búið er að gera eru teknar upp almennar reikningsskilaaðferðir í reikningsskilum sveitarfélaga. Tilgangur breytinganna er að ná fram skýrari mynd af fjárhagslegri stöðu og gera auðveldara að bera saman rekstur sveitarfélaga innbyrðis auk þess að gera samanburð við þjónustu aðila á almennum markaði mögulegan.

Afkoma og rekstur A-hluta

Til A-hluta telst starfsemi sveitarfélagsins sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, Eignasjóð, Þjónustumiðstöð og Tækjamiðstöð.

Viðskiptastöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A-hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A-hluta.

Heildartekjur A-hluta námu 1.089,3 millj. kr. á árinu 2002 eða 356 þús. kr. á íbúa. Þar af nema skatttekjur 740,1 millj. kr. eða um 242 þús. kr. á íbúa. Rekstargjöld að teknu tilliti til hreinna fjármunatekna námu 1.030,2 millj. kr. á árinu 2002 eða 337 þús. kr. á íbúa.

Rekstarniðurstaða var jákvæð á árinu 2002 um 59,1 millj. kr., eða um 19 þús. kr. á hvern íbúa. Rekstargjöld í hlutfalli af rekstrartekjum voru 94,6% á árinu 2002.

Afkoma og rekstur samantekins A- og B-hluta

Til B-hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B-hluta starfsemi eru Félagslegar íbúðir, Hafnarsjóður og Veitustofnun Fjarðabyggðar.

Í samanteknum ársreikningi fyrir A- og B-hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Heildartekjur A- og B-hluta námu 1.407,4 millj. kr. á árinu 2002 eða 460 þús. kr. á íbúa.

Rekstargjöld að teknu tilliti til hreinna fjármunatekna námu 1.419,2 millj. kr. á árinu 2002 eða 464 þús. kr. á íbúa. Rekstarniðurstaða var neikvæð á árinu 2002 um 11,8 millj. kr. eða um 4 þús. kr. á hvern íbúa. Rekstargjöld í hlutfalli af rekstrartekjum voru 100,8% á árinu 2002.

Rekstrarafkoma A- og B-hluta Fjarðabyggðar var betri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Kemur þar tvennt til, tekjur voru 113 millj. kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir og auk þess voru fjármagnsliðir jákvæðir um 70 millj. kr. sem eru 137 millj. kr. meira en áætlanir gerðu ráð fyrir. Skýrist það fyrst og fremst af söluhagnaði hlutabréfa og hækkun á markaðsvirði þeirra.

Rekstrargjöld voru einnig allnokkuð yfir áætlun og þar koma til ýmsar skýringar en sú helsta er hækkun á lífeyrisskuldbindingu sveitarfélagsins, en gjaldfærsla vegna hennar nam um 55 millj. kr.

Fjárfestingar

Fjárfestingar námu alls 382,3 millj. kr. en að teknu tilliti til sölu eigna nema þær 159,2 millj. kr. nettó.

Efnahagsreikningur A-hluta

Heildareignir A-hluta í árslok 2002 nema 1.912,9 millj. kr. og lækkuðu þær um um 50,1 millj. kr. á árinu 2002. Skuldir og skuldbindingar A-hluta í árslok 2002 nema 1.468,5 millj. kr. eða 480 þús. kr. á hvern íbúa. Eigið fé A-hluta nam 444,3 millj. kr. eða 145 þús. kr. á hvern íbúa. Veltufjárhluftfall A-hluta var 1,26 og eiginfjárhluftfall 23%.

Efnahagsreikningur A- og B-hluta

Heildareignir A- og B-hluta í árslok 2002 nema 3.381,8 millj. kr. og hafa þær aukist um 64,9 millj. kr. á árinu 2001. Skuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í árslok 2002 nema 2.583,6 millj. kr. eða 845 þús. kr. á íbúa og samantekið eigið fé A- og B-hluta nam 798,2 millj. kr. eða 261 þús. kr. á íbúa. Veltufjárhluftfall A- og B-hluta var 0,97 og eiginfjárhluftfall 24%.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónustua

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Félagsþjónusta

Félagsmálanefnd

Félagsmálanefnd starfar í umboði bæjarstjórnar Fjarðabyggðar og fer með stjórnun og framkvæmd félagsmála eftir því sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Aðalmenn í félagsmálanefnd eru: Sigrún Júlía Geirsdóttir formaður, Aðalsteinn Valdimarsson, Dagbjört L. Ottósdóttir, Ásmundur Hjaltason og Árdís Aðalsteinsdóttir.

Félagsmálanefnd fer með hlutverk barnaverndarnefndar, jafnréttisnefndar, húsnæðisnefndar og áfengisvarnarnefndar.

Samstarfssamningur er á milli Fjarðabyggðar og Mjóafjarðarhrepps um starfrækslu barnaverndarnefndar fyrir hreppinn. Félagsmálanefnd fundaði 15 sinnum á árinu.

Starfsemi félagsþjónustusviðs

Stöðugildi við félagsþjónustusvið voru 13,5 þar af er 1 stöðugildi forstöðumans félagsþjónustusviðs, 0,7 stöðugildi félagsmálafulltrúa og 1 stöðugildi húsnæðisfulltrúa.

Félagsþjónustusvið fer með framkvæmd félagslegrar þjónustu sveitarfélagsins. Starfsemi félagsþjónustunnar snýr einkum að því að að hjálpa fólki til sjálfhjálpar með ráðgjöf, upplýsingum og endurhæfingu svo og með nauðsynlegri fjárhagsaðstoð. Einnig að tryggja börnum viðunandi uppeldisskilyrði með því að styrkja uppeldishlutverk fjölskyldunnar og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við. Stefnt er að hvers konar starfi sem spornar gegn félagslegum vandkvæðum.

Megin verkefni félagsþjónustu eru:

- Barnavernd
- Forsjár- umgengnis- og ættleiðingamál
- Fósturmál og vistun
- Tilsjón, persónuleg ráðgjöf og stuðningsfjölskyldur
- Félagsleg ráðgjöf
- Fjárhagsaðstoð
- Félagsleg heimaþjónusta
- Daggæslumál
- Forvarnarmál og vímuvarnir
- Þjónusta við fatlaða
- Þjónusta við aldraða
- Húsnæðismál og húsaleigubætur
- Jafnréttismál
- Þjónustuhópur aldraða

Barnavernd og fjölskyldumál


Könnuð eru mál þar sem grunur vaknar um óviðunandi aðbúnað barna. Unnið er markvisst að því að breyta til hins betra högum barna sem búa við óviðunandi uppeldisaðstæður. Er það gert með ráðgjöf eða meðferð fyrir foreldra og börn. Hagnýtum úrræðum er beitt á grundvelli barnaverndarlaga og lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og getur stuðningur í margvíslegu formi varað til lengri tíma.

Stuðningur og úrræði geta verið af ýmsum toga t.d. leiðbeiningar til foreldra um uppeldi og aðbúnað barna, barni útvegaður persónulegur ráðgjafi, barni útvegað leikskólalátt, börnum og foreldrum veitt viðtöl og sálfræðiaðstoð. Barni útveguð greiningar- og meðferðardvöl á Stuðlum, langtímadvöl á meðferðarheimili, skammtímafóstur eða sveitadvöl.

Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt löguum um félagsþjónustu sveitarfélaga og sérstökum reglum sem bæjarstjórn setur. Rétt til fjárhagsaðstoðar eiga þeir sem eiga lögheimili í Fjarðabyggð og hafa tekjur undir ákveðnum viðmiðunarmörkum. Aðstoðin getur verið í formi lána eða styrkja. Ýmsar ástæður geta legið að baki því að fólk þurfi á fjárhagsaðstoð að halda s.s lág laun, atvinnuleysi eða veikindi. Starfsmenn félagsþjónustusviðs taka við umsóknum þar sem komi m.a. fram upplýsingar um fjölskyldustærð, atvinnu, húsnæði, tekjur o.fl.

Til félagsþjónustusviðs var varið 59,4 millj. kr. til rekstrar, eða 6,5% af skatttekjum





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál & stjórnsýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Menningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
Samanburður á lykiltölum
Ársreikningur 2002
Rekstrarreikningur
Efnahagsreikningur Eignir
Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir
Yfirlit um sjóðstreymi
Skýringar

Málefni aldraðra

Í Fjarðabyggð eru 32 íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum. Hlutfallslega eru því 10 íbúar 67 ára og eldri um hverja íbúð.

Neskaupstaður

Í Breiðabliki eru 27 íbúðir, 9 hjónaíbúðir og 18 einstaklingsíbúðir. Í húsinu er matsalur/setustofa, og aðstaða fyrir félagsstarf. Breiðablik er tengt sjúkrahúsinu og er innangengt á milli stofnananna. Öryggiskerfi er tengt vaktstöð sjúkrahússins.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Breiðabliki þrjá til fjóra daga vikunnar frá kl. 13-17.

Starfsmaður er í Breiðabliki til kl. 19 alla virka daga. Viðkomandi starfsmaður sér um margvíslegan stuðning, innlit, aðstoð á matartímum, gönguferðir, leikfimi, sækir lyf, fer með íbúana í búðir, skipuleggur uppákomur o.fl.

Um helgar eru tvískiptar vaktir kl. 8.30-12.30 og kl. 17-21. Starfsmaður hjálpar fólki á fætur, aðstoðar við morgunverð, hádegisverð, kvöldverð o.fl.

Húsvörður sér um þrif utanhúss, viðhald á sameign og íbúðunum og sinnir smáverkum fyrir íbúana.

Félag eldri borgara á Norðfirði hefur Sigfúsarhús til frjálsra afnota undir starfsemi sína.

Íþróttakennari leiðbeinir áhugasömum íþróttaiðkendum á mánudögum kl. 17-19 í íþróttahúsinu.

Eskifjörður

Dvalarheimilið Hulduhlíð var tekið í notkun 1989 og var upphaflega eingöngu um dvalarheimili að ræða en í dag er þar einnig rekin hjúkrunardeild. Í dag eru 17 rúm skilgreind á hjúkrunardeild og 7 á dvalarheimili, biðlisti er viðvarandi.

Stjórn Hulduhlíðar vinnur að undirbúningi byggingar hjúkrunarheimilis.

Tveir starfsmenn sjá um félagsstarf í Hulduhlíð þrisvar í viku.

Félag eldri borgara á Eskifirði hefur húsið Melbæ til frjálsra afnota fyrir starfsemi sína.

Reyðarfjörður

Í Sunnugerði er einlyft timburhús með fimm íbúðum fyrir aldraða byggt 1986. Í húsinu eru tvær hjónaíbúðir og þrjár einstaklingsíbúðir.

Tveir starfsmenn hafa séð um félagsstarf í safnaðarheimilinu tvisvar í viku kl. 13-17. Í október fékk Félag eldri borgara á Reyðarfirði afhent húsnæði til frjálsra afnota fyrir starfsemi sína og fluttist félagsstarfið þangað.

Félagsleg heimaþjónusta

Heimaþjónusta er veitt þeim sem geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald vegna skertrar getu eins og veikinda, álags, öldrunar eða fötlunar. Reynt er að stuðla að einstaklingsmiðaðri heimaþjónustu svo þeir sem á henni þurfa að halda geti búið við eðlilegt heimilislíf í umgengni við aðra svo lengi sem verða má. Áður en aðstoð er veitt er þjónustuþörfin metin af starfsmönnum félagsþjónustusviðs, þegar við á í samráði við heilsugæslu eða svæðis-skrifstofu um málefni fatlaðra. Jöfn eftirspurn var eftir heimaþjónustu allt árið og tókst að útvega öllum þjónustu sem eftir henni sóttu og biðlistar mynduðust ekki.

Daggæslumál

Fjórar dagmæður störfuðu í sveitarfélaginu samkvæmt reglugerð nr. 198/1992 um daggæslu barna í heimahúsum. Foreldrar greiða fyrir daggæslu samkvæmt taxta viðkomandi dagmóður og fá mismun leikskólagjalds og gjalds dagmóður endurgreitt. Kostnaður foreldra er því ekki meiri en sem nemur leikskólagjaldi.

Málefni fatlaðra

Starfsmenn félagsþjónustusviðs hafa samvinnu við Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Austurlandi. Þjónusta við fatlaða miðar að því að tryggja þeim sambærileg lífskjör og jafnrétti á við aðra þjóðfélagsþegna. Þjónusta við fatlaða er aðallega fólgin í almennri ráðgjöf, ferðaþjónustu, aðstoð vegna húsnæðismála, atvinnumála og félagslegri liðveislu. Með félagslegri liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem miðar að því að rjúfa félagslega einangrun. Liðveislán felur í sér að aðstoða einstaklinginn við að komast af heimili sínu til að njóta menningar- og félagslífs og annarrar dægrastyttingar. Miðað er að því að veita félagslega liðveislu eins og best hentar þörfum hvers einstaklings.

Sérútbúin bifreið er notuð við akstursþjónustu fatlaðra og er starfsmaður í 70% starfi.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Þjónustuíbúðir fatlaðra

Við Bakkabakka á Norðfirði er fjölbýlishús með fjórum íbúðum sem eru sérhannaðar fyrir fatlaða. Þrjár íbúðir eru í eigu Fjarðabyggðar en fjórða íbúðin er ætluð fyrir skammtímavistun og er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Skammtímavistun er hvíldarþjónusta sem er veitt til að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra og vera tilbreyting fyrir viðkomandi einstaklinga.

Forvarnir

Stýrihópur um forvarnir hefur starfað frá 1999. Í hópnum eru fulltrúar frá lögreglunni, heilsugæslunni, grunnskólunum, kirkjunni, félagsþjónustunni, félagsmiðstöðvunum, íþrótt- og tómstundafulltrúi, og skólastjóri vinnuskólans.

Hópurinn fundaði sex sinnum árið 2002 og bauð öðrum sem leggja vilja málefnum lið að koma á fundina. Meðal annars sat fíkniefnalögrelumaðurinn á Austurlandi einn fund, fulltrúar frá Rauða krossinum og unglíngadeildum björgunarsveitanna kynntu starfsemi sína, fundað var með forsvarsmönnum íþróttafélaganna og nýjungar í starfsemi félagsmiðstöðva og vinnuskóla voru kynntar.

Lokið var við gerð forvarnaáætlunar fyrir Fjarðabyggð í janúar 2002 og var hún samþykkt af bæjarstjórn í febrúar. Með áætluninni leggur bæjarstjórn Fjarðabyggðar áherslu á að unnið verði markvisst að forvörnum í sveitarfélaginu. Allir þeir sem eiga aðild að áætluninni hafa skilgreint sín markmið í forvarnarmálum og leiðir til þess að ná þeim markmiðum. Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar ber félagsmálanefnd ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar. Ætlast er til þess að þeir sem eiga aðild að áætluninni skili skýrslu í júní ár hvert þar sem metið er hversu vel tókst að framfylgja áætluninni.

Viðburðir sem tengdust forvörnum

Í janúar sat félagsmálafulltrúi fund með fimm öðrum fulltrúum sveitarfélaga víðs vegar af á landinu. Hópnum hafði verið falið að fjalla um sveitarfélög og forvarnir og undirbúa framsögu á lokaráðstefnu verkefnisins Ísland án eiturfja sem var síðan haldin þann 1. mars. Ráðstefnan var mjög fjölmenn og á henni komu fram auk fulltrúa sveitarfélaganna, fulltrúar lögreglu, skóla, foreldra, unglínglinga og fleiri sem vinna að forvarnarmálum.

Með vorinu tók félagsmálafulltrúi þátt í undirbúningi verkefnis þar sem fléttað var saman starfsemi vinnuskólans og félagsmiðstöðvanna. Verkefnið fékk styrk úr forvarnasjóði SÁÁ og hefur nú þegar vakið mikla athygli hjá öðrum sveitarfélögum á landinu.

Fjarðabyggð hefur haldið áfram að taka þátt í verkefninu „Ég er húsið mitt“ og lagt fram styrki til þess. Verkefninu er ætlað að aðstoða foreldra barna við forvarnir og er bókum dreift til allra barna í sveitarfélaginu á aldrinum 4 - 11 ára. Í bókunum er líkamanum líkt við hús sem hver og einn lærir að umgangast af ábyrgð, umhyggju og virðingu. Einnig er lögð áhersla á mikilvægi leiðbeinandi og verndandi reglna í fjölskyldum.

Í september kom í heimsókn í Fjarðabyggð á vegum félagsmálanefndar Guðjón Bergmann jógakennari og tóbaksvarnarráðgjafi. Hann fór í heimsókn í alla grunnskólana og hitti nemendur í 8., 9., og 10. bekk og ræddi við þá um skaðsemi tóbaks. Um kvöldið var fyrirlestur fyrir foreldra og var hann vel sóttur.

Félagsmálafulltrúi fór í heimsókn á skrifstofu Heimilis og skóla í september og kynnti sér nýja foreldrasamninga sem ætlaðir eru börnum í 1. - 6. bekk eða 6 - 12 ára gömlum börnum. Í byrjun október var fundur með fulltrúum stjórna foreldrafélaganna í Fjarðabyggð þar sem þessir nýju foreldrasamningar voru kynntir auk þess sem farið var yfir eldri samninginn sem ætlaður er börnum í 7. - 10. bekk. Stjórnir foreldrafélaganna voru hvattar til þess að safna saman bekkjartenglum í hverjum skóla og hafði félagsmálafulltrúi hug á að kenna þeim að leggja foreldrasamningana fyrir í hverjum bekk fyrir sig. Þetta var gert í grunnskólanum á Eskifirði og fengu bekkjartenglar þar kennslu í að leggja samningana fyrir. Foreldrasamningurinn var síðan lagður fyrir af bekkjartenglum með aðstoð félagsmálafulltrúa í 1. - 6. bekk og gekk það mjög vel. Starfsemi félagsþjónustusviðs og foreldrasamningurinn voru kynnt á aðalfundi foreldrafélags Nesskóla en auk þess ræddi þar fulltrúi lögreglunnar um útvístartíma barna.

Í desember var öllum nemendum í grunnskólum Fjarðabyggðar afhentar segulmottur með útvistarreglum. Áfengis- og vímuvarnarráð hefur gefið öllum nemendum á landinu í 2. og 7. bekk segulmotturnar og öðrum nemendum gaf félagsþjónustan í Fjarðabyggð motturnar. Útvístartími barna og unglínglinga í Fjarðabyggð var heldur rýmri en landslög sögðu til um. Með nýjum barnaverndarlögum sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2002 var afnumin heimild sem sveitarfélagunum var veitt í eldri lögum til þess að breyta aldursmörkum og tímasetningum útvistarreglna með sérstakri samþykkt.

Jafnréttismál

Tveir fulltrúar úr félagsmálanefnd sóttu landsfund jafnréttisnefna í Hafnarfirði 8. og 9. nóvember og var fundurinn fjölmennur og afar vel heppnaður.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarstöður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Þann 18. nóvember var námskeið á vegum Jafnréttisstofu haldið á Egilsstöðum um gerð jafnréttisáætlana og sóttu það einnig tveir fulltrúar úr félagsmálanefnd. Nú liggur fyrir endurskoðun jafnréttisáætlunar fyrir Fjarðabyggð og hófst vinna við hana fljótlega eftir námskeiðið.

Húsnæðismál

Á árinu var ein eign innleyst í Neskaupstað, íbúð í fjölbýlishúsi.

Sala íbúða

Gengið var frá sölu á einbýlishúss á Reyðarfirði.

Umsóknir um leiguhúsnæði

Alls barst 41 umsókn um leiguhúsnæði á árinu. Tveimur umsóknum var synjað.

Lausar íbúðir í árslok 2002

- Reyðarfjörður 2 íbúðir
- Eskifjörður 2 íbúðir
- Norðfjörður 4 íbúðir


Leiguíbúðir

Leiguíbúðir Fjarðabyggðar á árinu voru 108. Þar af voru 32 leiguíbúðir fyrir aldraða.

Húsaleigubætur

Alls bárust 55 umsóknir um húsaleigubætur. Nítján bótaþegar hættu á árinu. Bætur voru greiddar til 81 einstaklings að meðaltali á mánuði. Útborgaðar húsaleigubætur námu kr. 10.175.019.

Til fræðslu- og menningarmála var varið 460,8 millj. kr. til rekstrar, eða 50,8% af skatttekjum



Fræðslumál

Fræðslunefnd

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og framhaldsskóla samkvæmt lögum um viðkomandi stofnanir. Auk verkefna sem fræðslunefnd hefur með höndum samkvæmt lögum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfum.

Ný fræðslunefnd var skipuð á árinu 2002 í kjölfar sveitarstjórnarkosninga.

Aðalmenn í henni í árslok voru þau Gísli A. Gíslason formaður, Svanhvít Aradóttir, Guðrún Kjartansdóttir, Gunnar Ásgeir Karlsson og Helgi Seljan.

Fræðslunefnd hélt 17 fundi á árinu 2002.

Áfram voru veittir námsstyrkir á árinu 2002.

Í árslok 2002 höfðu verið veittir 39 styrkir til 27 aðila, flestir til aðila sem eru við nám í grunnskólaskori en einnig til nemenda við leikskólaskor, íþróttakennaraskor o.fl.

Flestir styrkþegar eru í fjarnámi.

Grunnskólar

Þrjár grunnskólar eru starfandi í Fjarðabyggð og eru þeir allir einsetnir.

Þeir eru Grunnskóli Eskifjarðar, Grunnskóli Reyðarfjarðar og Nesskóli.

Skólaárið 2002-2003 voru um 483 nemendur í skólunum.

Stöðugildi kennara og leiðbeinenda voru um 46 og hlutfall réttindakennara var um 58% í grunnskólunum.

Nemendur í almennum bekkjardeildum skiptust þannig á skólana skólaárið 2002-2003:

- Grunnskóli Reyðarfjarðar 102 nemendur í 10 bekkjardeildum. Sex bekkjardeildum var kennt að hluta í samkenslu.
- Grunnskóli Eskifjarðar 156 nemendur í 10 bekkjardeildum.
- Nesskóli 225 nemendur í 15 bekkjardeildum.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða	Einar Sveinn Árnason lét af störfum sem skólastjóri Nesskóla og tók Ólafur Hr. Sigurðsson við.
Ávarp bæjarstjóra	Grunnskóli Reyðarfjarðar og Nesskóli náðu frábærum árangri á samræmdum prófum í 4. og 7. bekk. Skólarnir voru með hæstu meðaleinkunnir á landinu í báðum árgöngum.
Starfsemin á árinu	
<i>Fjármál & stjórnsýsla</i>	
<i>Félagsþjónusta</i>	Áfram var unnið við viðbyggingar skólanna á Eskifirði og í Neskaupstað.
<i>Fræðslumál</i>	Skóladagheimili eru starfandi við alla skólana þrjá.

Menningarmál

<i>Æskulýðs- og íþróttamál</i>	Leikskólar Fjarðabyggð rekur þrjá leikskóla fyrir börn á aldrinum eins til sex ára.
<i>Umhverfismál</i>	Þeir eru Dalborg Eskifirði, Lyngholt Reyðarfirði og Sólvellir Neskaupstað
<i>Hafnarstöður</i>	Stöðugildi við leikskólana voru um 32, auk starfa í eldhúsum og við ræstingar.
<i>Rafveita Reyðarfjarðar</i>	Hlutfall leikskólakennara var um 25%.
Samanburður á lykiltölum	Um 180 börn voru að jafnaði á leikskólunum.
Ársreikningur 2002	25 - 30 börn voru að meðaltali á biðlistum á árinu, aðallega á Sólvöllum.
<i>Rekstrarreikningur</i>	Ákveðið var að taka í notkun lausa skólastofu við Sólvelli á árinu 2003.
<i>Efnahagsreikningur Eignir</i>	Boðið var upp á 4 - 4,5 - 5 - 6 - 7 - 8 - 8,5 eða 9 vistarstundir daglega.
<i>Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir</i>	
<i>Yfirlit um sjóðstreymi</i>	
<i>Skýringar</i>	

Tónskólar

Fjarðabyggð rekur tvo tónskóla. Þeir eru Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og Tónskóli Neskaupstaðar.

Á haustönn 2002 voru 118 nemendur í Tónskóla Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og 107 í Tónskóla Neskaupstaðar.

Stöðugildi við tónskólana voru 7,7.

Elzbieta Cwalinska var ráðin í stöðu söngkennara við skólana á árinu.

Kennt er á öll helstu hljóðfæri í báðum skólunum.

Menningarmál**Menningarnefnd**

Menningarnefnd fer með málefni bókasafna samkvæmt ákvæðum laga um almenningabókasöfn. Einnig fer nefndin með málefni annarra safna samkvæmt ákvæðum laga og samninga þar um. Þá tilnefnir nefndin í stjórn Héraðsskjalasafns, Náttúrustofu Austurlands og Sjóminjasafns. Tilnefningar nefndarinnar eru háðar samþykki bæjarstjórnar. Nefndin skal vera bæjarstjórn til ráðuneytis um verndun gamalla húsa og fornra minja skv. þjóðminjalögum. Þá skal nefndin sinna málefnum söguritunar og menningarmálum í víðasta skilningi. Auk verkefna sem menningarnefnd hefur með höndum getur bæjarstjórn falið henni ýmis verkefni með samþykktum og erindisbréfum.

Ný menningarnefnd var skipuð á árinu 2002 í kjölfar sveitarstjórnarkosninga. Aðalmenn í nefndinni voru í árslok þau Guðmundur R. Gíslason formaður, Alrún Kristmannsdóttir, Guðmundur Þorsteinsson, Heiðberg Hjelm og Elías Eymundsson.

Menningarnefnd hélt 12 fundi á árinu 2002.

Ennfremur voru haldnir fundir í ráðgjafahópum um safna- og bókasafnsmál.

Skráning bókasafnanna í Landskerfi bókasafna komst ekki af stað á árinu. Fjarðabyggð er hluthafi í Landskerfinu en vonandi kemst verkið af stað á árinu 2003.

Tvær sýningar voru haldnar í lok apríl, í boði menningarnefndar, á hinu geysivinsæla leikriti Píkusögum. Húsfyllir var á báðum sýningunum.

Húsafriðunarnefnd veitti 600.000 kr. styrk til áframhaldandi framkvæmda við Jensenshús á Eskifirði.

Fjöldi tónleika og annarra viðburða var haldinn í Kirkju- og menningarmiðstöðinni Eskifirði á árinu. Hæst bar aðventutónleika 8. desember en umgjörð þeirra og flutningur var öllum hlutaðeigandi til mikils sóma.

Einar Bragi Sigurðsson færði Fjarðabyggð formlega að gjöf 532 gripi sem að meginuppistöðu eru bækur. Einar hefur í raun verið að færa Bæjarbókasafni Eskifjarðar þessar gjafir á undanförunum árum.

Gerður var samningur við Náttúrustofu Austurlands um rekstur Náttúrugripasafnsins til þriggja ára.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða
Ávarp bæjarstjóra
Starfsemin á árinu
Fjármál & stjórnsýsla
Félagsþjónusta
Fræðslumál
Meningarmál
Æskulýðs- og íþróttamál
Umhverfismál
Hafnarsjóður
Rafveita Reyðarfjarðar
Samanburður á lykiltölum
Ársreikningur 2002
Rekstrarreikningur
Efnahagsreikningur Eignir
Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir
Yfirlit um sjóðstreymi
Skýringar

Aðilar í Fjarðabyggð fengu um 4,7 milljónir í styrki frá Menningarráði Austurlands við úthlutun ráðsins í mars.

Unnið var áfram að ritun sögu Reyðarfjarðar sem hófst 1999. Sagan verður líklega gefin út á árinu 2003. Einnig var unnið áfram að ritun sögu Norðfjarðar sem verið hefur í smíðum um margra ára skeið.

Í lok ársins var ákveðið að móta heildstæða stefnu um rekstur safnanna í sveitarfélaginu. Stefnt er að stofnun Safnastofnunar Fjarðabyggðar á árinu 2003.

Geir Hólm safnvörður á Sjóminjasafninu Eskifirði lét af störfum í lok árs.

Eins og undanfarin ár voru veittir styrkir til ýmissa menningartengdra mála á árinu.

Beinir peningalegir styrkir voru ríflega þrjár milljónir króna.

Bókasöfn

Þrjú bókasöfn eru í Fjarðabyggð.

Bókakostur safnsins á Eskifirði taldi 17.673 bækur í árslok 2002 og útlán safnsins voru 7.163. Safnið á Eskifirði er samstæðusafn.

Bókakostur safnsins á Reyðarfirði, þ.e. skóla- og almenningssafns taldi 11.281 bækur í árslok 2002. Útlán safnsins voru 7.300 á árinu.

Bókakostur safnsins í Neskaupstað taldi 18.350 bækur í árslok 2002. Útlán safnsins voru 6.338 á árinu.

Önnur söfn

Í Fjarðabyggð eru þrjú aðalsöfn:

Íslenska Stríðsárasafnið á Reyðarfirði, Náttúrugripasafnið í Neskaupstað og Sjóminjasafn Austurlands Eskifirði. Innlendir og erlendir gestir safnanna voru um 6.800 á árinu.

Um 4.250 komu á Íslenska Stríðsárasafnið, 1.062 á Náttúrugripasafnið og um 1.442 á Sjóminjasafnið.

Safn Jósafats Hinrikssonar

Erfingjar Jósafats Hinrikssonar færðu Fjarðabyggð Sjóminja- og smíðjusafn hans að gjöf á árinu 2000. Safnið verður sett upp á árinu 2003 og mun verða staðsett í Neskaupstað. Sjálfseignarstofnun var stofnuð um safnið á árinu.

Málverkasafn Tryggva Ólafssonar

Safn með verkum Tryggva Ólafssonar er í Neskaupstað. Magni Kristjánsson hefur haft veg og vanda að því að koma safninu á fót.

Myndasafnið Eskifirði

Hluti glernegatífna myndasafnsins á Eskifirði var settur á tölvutækt form. Þar með er bróðurpartur safnsins kominn á tölvutækt form. Í safninu eru um 10.000 myndir og myndaplötur. Safnið er ekki aðgengilegt fyrir almenning enn sem komið er, en stefnt er að því þegar skráningu lýkur.

Skjala- og myndasafn Neskaupstaðar


Safnið er ekki opið almenningi en upplýsingar um það veitir safnvörður. Þar eru geymd ýmis skjöl og myndir frá Neskaupstað fyrir sameiningu sveitarfélaganna. Ennfremur er Fjarðabyggð aðili að Héraðsskjalasafni Austurlands en ýmis skjöl tengd gömlu sveitarfélögunum þremur, Eskifjarðarkaupstað, Neskaupstað og Reyðarfjarðarhreppi eru geymd þar.

Æskulýðs- og íþróttamál**Íþróttamál**

Æskulýðs- og íþróttafulltrúi er starfandi í Fjarðabyggð í fullu starfi. Helstu hlutverk hans eru yfirumsjón með æskulýðs- og íþróttamálum, umsjón með íþróttamannvirkjum og æskulýðsmiðstöðvum og samskipti við íþróttafélögin. Sigríður Árnadóttir er æskulýðs- og íþróttafulltrúi.

Þrjú og hálf stöðugildi eru við félagsmiðstöðvarnar. Við íþróttamannvirkin eru 11 stöðugildi.

Til æskulýðs- og íþróttamála var varið 144,6 millj. kr. til rekstrar, eða 15,9% af skatttekjum





STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Íþrótt- og tómstundanefnd

Íþrótt- og tómstundanefnd Fjarðabyggðar tók til starfa í febrúar árið 2002 og leysti af hólmi íþróttaráð, sem starfaði undir fræðslunefnd.

Fundir nefndarinnar á árinu voru 22.

Nefndin fór yfir mjög mörg mál, m.a. samræmdi hún forsendur styrkja í íþróttamálum og úthlutaði styrkjum til íþróttahreyfingarinnar samkvæmt nýju forsendunum, gerði nýja samninga við íþróttafélög og kom með tillögum að uppbyggingu íþróttamannvirkja.

Formaður íþrótt- og tómstundaneftndar er Jóhann Tryggvason og starfsmaður nefndarinnar er æskulýðs- og íþróttafulltrúi.

Íþróttamannvirki

Aðstaða til ástundunar íþróttar er ágæt.

- Í Neskaupstað er íþróttahús (45 m. x 22 m.), sundlaug (25 m. x 8,3 m.), grasvöllur, malarvöllur og lítið æfingasvæði fyrir knattspyrnu.
- Á Eskifirði er íþróttahús yfir vetrarmánuðina. Á vorin er gólfíð tekið af húsinu og það nýtt sem sundlaug yfir sumartímenn. Íþróttahúsið á Eskifirði er 27 m. x 14 m. og sundlaugin 12 m. x 6 m. Ágætur grasvöllur er á Eskifirði til knattspyrnuíðkunar svo og malarvöllur.
- Á Reyðarfirði er íþróttahús yfir vetrarmánuðina og heitur útipottur er opinn allt árið. Húsið er nýtt sem sundlaug á sumrin líkt og á Eskifirði. Íþróttahúsið 27 m. x 15 m. og laugin 16,6 m. x 8 m. Grasvöllur til knattspyrnuíðkunar er á Reyðarfirði svo og sparkvöllur.

Sundlaug Norðfjarðar er komin til ára sinna en unnið hefur verið að gagngerum endurbótum á henni og endurnýjun á laugarkeri og lögnum lauk um miðjan júní 2002. Sundlaugin var opin í u.þ.b. sex og hálfan mánuð á árinu og voru gestir laugarinnar um 21.000 og hefur fjöldi þeirra aukist verulega milli ára.

Sundlaugarnar á Reyðarfirði og Eskifirði eru reknar í u.þ.b. fimm mánuði á ári og sækja hvora laug ca. 8.000 gestir.

Sundkennsla grunnskólanna fer fram á haustin og á vorin.

Íþróttavellir

Grasvellir eru í öllum byggðakjörnum og hefur ástand þeirra verið misgott en hefur batnað á síðasta ári vegna uppbyggingar sem þó rétt er að hefjast.

Knattspyrnufélag Fjarðabyggðar var með rekstrarsamning og sá alveg um hinn daglega rekstur vallanna á síðastliðnu ári. Það fyrirkomulag verður einnig á rekstrinum 2003.

Íþróttahús

Íþróttahúsin eru vel nýtt. Á morgnana eru skólarnir með húsin og íþróttafélögin eru svo með sitt starf seinni hluta dagsins. Einnig eru húsin leigð út til almennings. Íþróttafélögin í Fjarðabyggð hafa ótakmarkaðan aðgang af húsunum fyrir börn á grunnskólaaldri og fyrir meistaraflokka. Þau afnot eru millifærð sem styrkur Fjarðabyggðar til félaganna.

	Afnot skóla klst.	Afnot íþr. félaga klst.	Leiga klst.
Eskifjörður	500	450	52
Norðfjörður	720	1404	360
Reyðarfjörður	540	670	205

Önnur íþróttaaðstaða

Golfvellir eru á Norðfirði og Eskifirði. Þeir eru báðir níu holu og mjög góðir vellir sem hafa verið í stöðugri uppbyggingu. Bæjarfélagið styrkir golfklúbbanna til uppbyggingar á völlum en þeir eru í þeirra eigu og rekstur þeirra er alfarið í þeirra höndum. Þó nokkur fjölgun hefur orðið á iðkendum golfíþróttarinnar og þeir ferðamenn eru sífellt fleiri sem leggja leið sína á vellina.

Hestamannafélagið Blær er með sína aðstöðu inni á Kirkjubólseyrum í Norðfirði og þar hefur félagið komið sér upp húsi og Fjarðabyggð mun veita þeim styrk til að byggja upp skeiðvöll og aðra aðstöðu.

Skotíþróttafélagið Dreki er ört stækkandi félag og hof það mikla uppbyggingu, sem Fjarðabyggð tók mikinn þátt í að fjármagna, á úthlutaðu svæði undir Hólmgærðarfjalli ofan við Eskifjörð.

Íþróttalífið

Fjarðabyggð rak í samvinnu við íþróttafélögin íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum fimm til átta ára á árinu 2002 og tókst ágætlega þó standi til að hafa námskeiðin fleiri og fyrir breiðari aldurshóp árið 2003.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða

Ávarp bæjarstjóra

Starfsemin á árinu

Fjármál & stjórnsýsla

Félagsþjónusta

Fræðslumál

Menningarmál

Æskulýðs- og íþróttamál

Umhverfismál

Hafnarsjóður

Rafveita Reyðarfjarðar

Samanburður á lykiltölum

Ársreikningur 2002

Rekstrarreikningur

Efnahagsreikningur Eignir

Efnahagsreikningur Eigið fé og skuldir

Yfirlit um sjóðstreymi

Skýringar

Íþróttalíf er almennt gott og fjölbreytt í sveitarfélaginu og með góðum stuðningi og samvinnu við íþróttafélögin, og virkri þátttöku Fjarðabyggðabúa er flestum kleift að rækta heilbrigða sál í hraustum líkama.

Félagsmiðstöðvarnar

Í Fjarðabyggð eru þrjár félagsmiðstöðvar, ein í hverjum byggaðarkjarna. Knellan er á Eskifirði, Atóm í Neskaupstað og Zveskjan á Reyðarfirði.

Félagsmiðstöðvarnar eru nú opnar 14 klst. á viku yfir vetrartímann. Forstöðumenn félagsmiðstöðvanna eru ráðnir í heilsársstarf og skipulagt sumarstarf hófst í félagsmiðstöðvunum 2001 og voru þær í miklu samstarfi við vinnuskólann árið 2002. Samstarfsverkefni um vinnuskólann gekk að margra mati vel fyrir sig og unglíngarnir voru flestir mjög ánægðir með aukid samstarf milli bæjarkjarnanna þriggja í Fjarðabyggð og fjölbreyttara verkefnaval, bæði í félagsmiðstöðvunum sem og í vinnuskólanum.

Forvarnarvikur voru haldnar bæði að vori og hausti í Atómi, Neskaupstað og voru þær vel sóttar og áhrifamikil og metnaðarfull vinna var afraksturinn.

Zveskjan á Reyðarfirði hélt Söngkeppni Sam-Aust, Samtaka félagsmiðstöðva á Austurlandi í nóvember 2002 og sóttu viðburðinn u.þ.b. 300 unglíngar og aðrir gestir af öllu Austurlandi. Viðburðurinn tókst mjög vel og 18 efnilegir söngvarar sýndu hæfileika sína.

Skíðamiðstöðin Oddsskarði

Á skíðasvæði Fjarðabyggðar í Oddsskarði er mjög góð aðstaða til iðkunnar skíða- og útivistaríþróttar. Togbrautirnar eru þrjár, Sólskinsbraut, Goðabraut og Selbraut í misbröttu landi og ættu því allir að finna brekku við sitt hæfi. Skálinn er rúmgóður og býður upp á gistingu hópa. Ekki hefur enn getað orðið af því að reisa vélageymslu en von er til þess að hún rísi á næstu árum.

Opnunardagar á árinu 2002 voru 53, sem er mun minna en veturinn áður en veturinn var fremur snjóléttur framan af. Um 165 manns keypu árskort og seld dagskort voru um 1.580.

Umhverfismál

Undir umhverfismálasvið heyrja skipulags-, byggingar- og umferðarmál ásamt öllu því sem snýr að umhverfismálum í Fjarðabyggð. Á umhverfismálasviði eru sex starfsmenn. Umhverfismálanefnd fer með málefni byggingar- og skipulagsnefndar, umferðarnefndar auk þess að fjalla um öll þau málefni sem snerta umhverfismál, s.s. náttúrvernd, gróðurverndarmál o.fl.

Á árinu hélt nefndin 17 fundi. Mest var um málefni tengd byggingar- og skipulagsmálum. Ný umferðarsamþykkt fyrir Fjarðabyggð var samþykkt snemma árs 2002. Þá var einnig fjallað um ýmis umhverfismál og fóru fulltrúar nýrrar nefndar eftir kosningar um alla þéttbýliskjarnana og skoðuðu umhverfið með tilliti til aðgerða sem bæta mættu útlit og umgengni í sveitarfélaginu. Í umhverfisnefnd sitja Benedikt Sigurjónsson formaður, Árni Ragnarsson, Katrín D. Ingvadóttir, Heiðar Már Antonsson og Hörður Þórhallsson.

Tæknideild

Tæknideild hefur aðsetur á tveimur stöðum í sveitarfélaginu. Í Neskaupstað situr forstöðumaður umhverfismálasviðs og yfirmaður verklegra framkvæmda en á Eskifirði sitja starfsmaður byggingarfulltrúa og skipulagsfulltrúi.

Undir umhverfismálasvið heyrja einnig garðyrkjustjóri og slökkviliðsstjóri sem báðir eru staðsettir á Eskifirði.

Áhaldahús, Vélamiðstöð

Áhaldahús bæjarins eru þrjú, eitt í hverjum þéttbýliskjarna. Trésmíðadeildir eru einnig þrjár. Starfsmenn í áhaldahúsum og trésmíðadeildum eru alls 18. Á vegum áhaldahúsanna eru gerðir út tveir vegheflar, jarðýta, Broyt grafa, tvær traktorsgröfur, tveir vörubílar, tveir traktorar auk 16 smærri bíla.

Áhaldahúsin sjá um viðhald og eftirlit með vatnsveitum Fjarðabyggðar, viðhaldi gatna og holræsa, umferðarmerkja og sinna alhliða verkefnum og þjónustu við íbúa og stofnanir Fjarðabyggðar.

Götur, vatnslagnir og holræsi

Af helstu verkefnum sem unnin voru á árinu má telja að haldið var áfram framkvæmdum við endurnýjun lagna á aðalgötunni í Neskaupstað. Skipt var um lagnir í Egilsbraut að nokkrum hluta.



STARFSEMIN Á ÁRINU

Forsíða	Lagt var seinna lag af klæðningu á vesturenda Melagötu, veg við smábátahöfn og Bakkaveg að vita. Gengið var frá malbiki á plan við Nesgötu 3 og umhverfi við Nesgötu 5 lagfært. Gengið var frá umhverfi og göngustíg austan og sunnan við Verkkenndsluhús og lagðar hitalagnir, vatns- og skolplagnir milli Mýrargötu og Nesgötu niður gilið að Nesskóla.
Ávarp bæjarstjóra	
Starfsemin á árinu	
<i>Fjármál & stjórnsýsla</i>	
<i>Félagsþjónusta</i>	Unnið var að viðhaldi leiksvæða og sett nýtt leiksvæði við Hafnarbraut 42. Íbúðarhúsið Bjarg var rífið á árinu og einnig gamall skúr neðan Egilsbrautar við Kvíabólstíg. Lokið var við frágang á umhverfi bátsins Gauta við Hafnarbraut með hellum og þökum. Þá var umhverfi sundlaugar endurbætt en þar var allt svæðið umhverfis laugarkerið og potta hellulagt. Auk þess var sett ný girðing við keríð og þökulagt svæðið að Lystigarði. Einnig voru endurnýjaðar skolplagnir frá lauginni.
<i>Fræðslumál</i>	
<i>Menningarmál</i>	
<i>Æskulýðs- og íþróttamál</i>	
Umhverfismál	Þá var ráðist í að virkja nýtt vatnstökusvæði í Fannardal og var ný veita þar tekin í notkun í október. Virkjaðar voru fimm borholur og byggt stjórnhús við þær. Lögð var stofnlögn frá svæðinu og að eldri dælustöð við Norðfjarðarveg, um 5 km. Einnig var gerð dælustöð á hafnarsvæðinu og settar þar niður skerpidælur til að tryggja vatnsflutning að vatnsgeymi við Blómsturvelli. Afköst nýju veitunnar geta orðið mest um 100 l/sek en í þessum áfanga er mögulegt að fá um 60 - 70 l/sek frá veitunni. Stækka þarf stofnlögn frá eldri dælustöð og að hafnarsvæði þar sem stærstu vatnsnotendur eru til að auka afköstin.
<i>Hafnarsjóður</i>	
<i>Rafveita Reyðarfjarðar</i>	
Samanburður á lykiltölum	
Ársreikningur 2002	Á Reyðarfirði var lokið við lagnir í ytri hluta Stekkjargrundar og hún gerð klár fyrir slitlag. Haldið var áfram átaki í kantsteina- og gangstéttagerð. Settir voru kantsteinar og gangstéttir við Stekk, Stekkjargrund, Hjallaveg, Túngötu og á nokkrum öðrum stöðum. Þá var endurnýjuð vatnslögn á hafnarsvæðinu í framhaldi af endurnýjun stofnlagnar á síðasta ári. Malbik var sett á körfuboltavöll við grunnskólann.
<i>Rekstrarreikningur</i>	
<i>Efnahagsreikningur Eignir</i>	
<i>Efnahagsreikningur Eigð fé og skuldir</i>	
<i>Yfirlit um sjóðstreymi</i>	Lokið var við að girða vatnstökusvæði vatnsveitunnar.
<i>Skýringar</i>	Þá var endurnýjuð vatnslögn yfir Búðará en lögn sem lá undir botn árinna skemmdist í vatnavöxtum. Sett var ný stofnlögn og var hún lögð utan á brú Vegagerðarinnar. Laga þurfti vatnslagnir í Mángötu og Hæðargerði en auk þess þurfti að sinna viðhaldi á nokkrum eldri heimtaugum. Byrjað var að huga að endurbótum og stækkun vatnsveitu á Reyðarfirði í tengslum við stóriðju og væntanlega fólksfjölgun vegna hennar.
	Á Eskifirði var byrjað á gatnagerð í Hlíðarenda. Smiðjustígur verður göngustígur en Hlíðarendavegur gerður klár fyrir bundið slitlag. Endurnýjuð var brú yfir Lambeyrarána til móts við Lambeyrarbraut og bakkar árinna lagfærðir með grjóthleðslum. Sett var klæðning á

